

Fundargerð 127. fundar stjórnar VM

Fundur haldinn föstudaginn 17. október 2018 kl. 11:00 í VM húsinu, Stórhöfða 25.

Mættir: Guðmundur Helgi Þórarinsson, Samúel Ingvason, Kristmundur Skarphéðinsson, Sigurður Gunnar Benediktsson, Símon Guðvarður Jónsson, Guðni Þór Elísson og Agnar Ólason

Fjarfundur: Svanur Gunnsteinsson og Þorsteinn Hjálmarsson

Dagskrá :

1. Frágangur á fundargerð stjórnarfundar VM nr. 125 og 126
2. Staða kjaramála.
3. ASÍ – þing.
4. Staða orlofsmála.
5. Gjafir frá VM.
6. Breytingar á skrifstofu.
7. Önnur mál

Formaður setti fundinn.

1. Frágangur á fundargerðum stjórnarfunda VM nr. 125 og 126

Fundargerð nr. 125 var send út svo seint að beðið var með að undirrita hana þangað til núna. Fundargerðirnar voru samþykktar og undirritaðar. Einnig var undirrituð prókúruheimild fyrir Áslaugu hjá Arion banka.

2. Staða kjaramála

Formaður fór yfir stöðuna í kjaramálum. Stærstu félögin eru búin að tilkynna sínar kröfur. Misjafnar skoðarnir, krónutöluhækkarnir á lægstu launin. Iðnaðarsamfélagið hefur verið að hittast og allir þykjast vera vera klárir en enginn vill segja eða ræða hvað þeir eru með. Það hefði verið grand ef iðnaðarmannasamfélagið hefði líka komið með sínar kröfur. Búið er að ráða hagfræðing sem heitir Ágúst Arnórsson og hann á m.a. að fara í að greina launaþróun hópa hjá iðnaðarsamfélaginu í samaburði við aðra hópa á Íslenskum vinnumarkaði byggt á opinberum tölum Hagstofu Íslands.

Saminganefndin verður kölluð saman fljótlega til vinna kröfur og það þarf að vera líka á hreinu hvar við erum tilbúnir að enda. Eitt eru allir sammála um og það er að færa taxta að greiddum launum og menn vilja langan samningstíma. Eitt sem þarf að vera í þessum samningum og það er sértæki lífeyrissjóðurinn, við þurfum að gera kröfur um að löggin um þennan sparnað verði sett.

9. nóvember verður fundur með trúnaðarmönnum úr orkugeiranum þar sem endanlegar kröfur verða mótaðar. Erum að skila inn viðræðuáætlun sem er ekki nógu nákvæm þar sem við erum að bíða eftir öðrum. Það eru átta kjarasamningar sem losna um áramótin.

3. ASÍ – þing

Búið er að velja fulltrúa VM á þingið. Í kvöld er fundur með þessum 14 fulltrúum um dagskrá þingsins. VM greiðir fyrir mat og skemmtun ef menn vilja fara. Þingið verður svolítið sérstakt þar sem skipt verður um 1., 2., og þriðja forseta ASÍ.

4. Staða orlofsmála

Á síðasta fundi fékk orlofsnefnd heimild til að gera tilboð í sumarhús á Laugarvatni. Orlofsnefndin fundaði í gær og ákvað að hætta við þessi fyrirhuguðu kaup í bili þar sem það þarf samþykki aðalfundar fyrir þeim. Á Einarstöðum verður farið í að setja nýtt hús, ekki gera upp það sem fyrir er. Farið verður strax í undirbúning að þeirri framkvæmd. Guðni Þór óskaði eftir að bókað yrði að hann væri á móti því að byggja nýtt hús, hann telur gamla vera nothæft. Á fundinum var líka ákveðið að setja af stað könnun meðal félagsmanna um það hvar þeir vilja hafa orlofshús og í framhaldinu verður byrjað að vinna að 5 ára áætlun vegna orlofshúsanna

5. Gjafir frá VM

Formaður lagði fram tillögu á síðasta fundi um að senda félagsmönnum gjöf frá félaginu þegar þeir yrðu 50, 60 og 70 ára. Umræður urðu og vildu sumir að gjafir yrðu alveg niður í 30 ára. Þá var ákveðið að taka saman fjöldann sem á stórafmæli á næsta ári svo menn áttuðu sig að umfanginu og var það gert núna. Ákveðið var að gefa gjafir frá 50 ára og upp úr.

6. Breytingar á skrifstofu:

Formaður ræddi um breytingarnar sem verið er að teikna af skrifstofunni. Ljóst er að þetta mun kosta hátt í 100 milljónir og langði hann til að hætt yrði við þessar breytingar og frekar farið í að mála skrifstofun, laga gólfefni og fleira. Spurt var hvort við ættum þessar teikningar sem búið er að gera og var ákveðið að kanna það. Stjórn samþykkti að hætta við breytingarnar.

7. Önnur mál:

- Formaður spurði hvort ekki ætti að bjóða Leiðsögumönnum lengri leigusamning fyrst ákveðið hefði verið að fara ekki í breytingar á skrifstofunni og var það samþykkt.
- Úrskurðarnefnd úrskurða um verð á uppsjávarfiski eða öllum fiski ef menn ná ekki samkomulagi. Komið fast form botnfiskinn en allt í lausu lofti með uppsjávarfiskinn. Þar er þessu stillt upp þannig að áhafnirnar þurfa að semja við útgerðina. Við viljum fá þetta tengt afurðaverði með prósentum. Úrskurður liggur með fylgigögnum inn á verðlagssofu ef menn vilja kynna sér hann. Verðið gildir fram á föstudag og þá þarf að semja um nýtt verð og við megum vera þeim innan handa.
- Formaður sagði frá því að við erum að semja svar við veiðigjaldafrumvarpinu. Umræður voru um frumvarpið og voru mjög skiptar skoðanir um það og var óskað eftir upplýsinum a hvað myndi standa í svari VM. Formaður sagði að efnislega yrði það að við erum á móti

Því að það sé verið að einfalda hlutina þannig að það sé auðveldara að taka aurinn af mannskapnum stýra hvar þú tekur arðsemina, það hefur alltaf verið þannig hjá okku og breytist ekkert

- Varðandi fundarboð á stjórnarfundum þá óskaði formaður eftir því að það yrði bara föst regla að menn svöruðu boðinu hvort þeir kæmst eða ekki.
- Næsti stjórnarfundur verður 15. nóv. Og desemberfundurinn líklega þann 13.

Fundi slitið 15:20